

AUGLÝSING

um virðingar til brunatryggingar á húseignum
og um gerðardóm verði ágreiningur um brunabótamat eða bótafjárhæð
samkvæmt lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar.

1. gr.

Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti (brunabótamat) húseignar á þeim tíma er virðing fer fram. Virðing skal gerð samkvæmt matseiningakerfi Fasteignamats ríkisins.

2. gr.

Fyrir fyrstu virðingu eftir að húseign hefur verið tekin í notkun skal ekkert matsgjald greitt ef Fasteignamat ríkisins annast hana enda nýtist skoðunin einnig til fasteignamats. Fyrir endurmat sem Fasteignamat ríkisins framkvæmir og allar virðingar annarra skal greiða sem hér segir:

- | | |
|---|-----------|
| a. Sé brunabótamat kr. 2.000.000 eða lægra | kr. 2.000 |
| b. Sé brunabótamat kr. 2.000.001 - kr. 4.000.000 | kr. 2.800 |
| c. Sé brunabótamat kr. 4.000.001 - kr. 7.000.000 | kr. 3.500 |
| d. Sé brunabótamat kr. 7.000.001 - kr. 10.000.000 | kr. 4.000 |
| e. Sé brunabótamat kr. 10.000.001 - kr. 14.000.000 | kr. 4.200 |
| f. Sé brunabótamat kr. 14.000.001 eða hærra skal greiða 0,03% af brunabótamati viðkomandi húseignar. Fari brunabótamat yfir kr. 500.000.000 greiðist þó aðeins 0,01% af þeirri upphæð sem umfram þá fjárhæð er. | |

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana samkvæmt umsókn þar að lútandi.

3. gr.

Rísi ágreiningur um brunabótamat eða bótafjárhæð má skjóta honum til gerðardóms. Fyrir kostnað vegna gerðardóms skal greiða sem hér segir:

- | | |
|---|------------|
| a. Sé brunabótamat eða bótafjárhæð kr. 10.000.000 eða lægra | kr. 20.000 |
| b. Sé brunabótamat eða bótafjárhæð kr. 10.000.001 - kr. 20.000.000 .. | kr. 40.000 |
| c. Sé brunabótamat eða bótafjárhæð kr. 20.000.001 eða hærra | kr. 60.000 |

Í undantekningartilfellum er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir kostnað vegna gerðardóms samkvæmt umsókn gerðardóms þar að lútandi.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með tilvísun til 3. og 5. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar, með síðari breytingum, og 6. og 11. gr. reglugerðar nr. 484/1994 um lögboðna brunatryggingu húseigna. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 128/1981, með síðari breytingum. Öðlast auglýsing þessi þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 10. júní 1996.

F. h. r.

Porkell Helgason.

Kjartan Gunnarsson.